

**309. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 7. febrúar 2024, kl. 16:00.**

**Mætt:** Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar og Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), Sonja Hrund Steinarsdóttir, J. Trausti Jónsson, Stefán B. Ólafsson og Helgi Haraldsson. Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkurbæjar og Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

**Dagskrá:**

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Málefni Laugafisks
4. Málefni Flughótels
5. Málefni Síldar og fisks
6. Umhverfismál / umgengni á lóðum
7. Starfsmannamál / rekstur HES
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

**1. Yfirlit yfir störf HES**

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfnni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

**2. Starfsleyfi og skráningar**

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Mborgars ehf., kt. 601223-1040, Tjarnabraut 24, 260 Reykjanesbæ til að reka söluturn með óvarin matvæli.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Flugvöllum 27, 20 Reykjanesbæ til að reka söluturn með óvarin matvæli.
- Heimkaup ehf, kt. 430910-0190, Hafnargötu 31, 230 Reykjanesbæ til að reka matvöruverslun án vinnslu.
- Heimkaup ehf, kt. 430910-0190, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli til að reka matvöruverslun með óvarin matvæli og veitingasölu.
- Heimkaup ehf, kt. 430910-0190, Fitjum, 260 Reykjanesbæ til að reka söluturn með óvarin matvæli.
- Kellsnes ehf., kt. 490223-0290, Hafnargötu 18, 230 Reykjanesbæ til að reka veitingahús.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Naglastudíó Öllu ehf, kt. 4711221490, Smiðjuvöllum 66, Reykjanesbæ til að reka snyrtistofu og húðgötun.
- Sveitarfélagið Vogar, kt. 670269-2649, Hafnargötu 17, Vogum til að reka íþróttahús og sundlaug.

- Hreinn Líndal Hreinsson, kt. 200887-3799, Sólvallagötu 34, Reykjanesbæ til að reka minna gistiheimili / íbúðagistingu.

**Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

- ÍAV hf., kt. 660169-2379, fyrir meðhöndlun asbests í kaldavatnslögn á Grindavíkurveg við Melhól, 240 Grindavík.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

**Skráningar samþykktar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir:**

- Visir ehf., kt. 701181-0779, fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða á Stakksbraut 3, 230 Reykjanesbæ.
- Visir ehf., kt. 701181-0779, fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða á Stakksbraut 5, 230 Reykjanesbæ.

Nefndin staðfestir ofangreindar skráningar án athugasemda.

**Fyrirtæki í auglýsingaferli skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfissráðuneytinu.**

- Engar umsóknir

**Tímabundin starfsleyfi**

- Engar umsóknir

**3. Málefni Laugafisks**

Heilbrigðisnefnd ákveður hér með að leggja 50.000 kr. dagsektir á Laugafisk ehf. frá 15. febrúar n.k. fyrir að stunda heitloftspurrkun fiskafurða á iðnaðarsvæðinu á Reykjanesi án starfsleyfis eða bráðabirgðaheimildar frá Umhverfisstofnun. Jafnframt ákveður heilbrigðisnefnd hér með að leggja 200.000 kr. dagsektir á Laugafisk ehf. frá 15. febrúar n.k. fyrir óleyfislosun fráveitu frá starfsstöð fyrirtækisins á iðnaðarsvæðinu á Reykjanes í jarðlög.

**4. Málefni Flughótels**

Heilbrigðisnefnd áminnir Flughótel Keflavík - H 57 ehf., Hafnargötu 57, Reykjanesbæ fyrir að valda ónæði með víftum á þaki hótelsins og brjóta þannig aðgæslureglu 1. mgr., 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Þessi áminning er veitt með vísan til þvingunarúrræða 12. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

**5. Málefni Síldar og fisks**

Heilbrigðisnefnd felur embættinu að svara andmælum félagsins við ákvæðum í útgefnu starfsleyfi í samræmi við umræður á fundinum.

**6. Umhverfismál / umgengni á lóðum**

Starfsmenn kynntu framgang þessara mála frá síðasta fundi.

**7. Starfsmannamál / rekstur HES**

Starfsmenn að frátöldum framkvæmdastjóra viku af fundi undir þessum lið.

## **8. Önnur mál**

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:00